Heilbrigðiseftirlitið bannar sölu á ákveðinni tegund skordýraeiturs

Um nokkurt skeið hefur verið á markaði hér á landi skordýraeitur í sérstökum umbúðum er ber vöruheitið „Vapona Casette". Er hér um að ræða hylki úr ljósu plasti með fjórum strimlum er hafa að geyma hið virka efni. Vara þessi hefur verið á boðstólum í mörgum bensinafgreiðslustöðvum og nokkrum verzlunum víðsvegar á landinu. Hylki þessi hafa verið seld án samþykkis heilbrigðisyfirvalda. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur nú ákveðið að krefjast innköllunar vöru þessarar úr verzlunum. Þar eð efni það sem um er að ræða gæti verið hættulegt fólki, er öllum þeim er hafa slík hylki undir höndum ráðlagt að hætta þegar notkun þeirra og fjarlægja úr híbýlum sínum.

Kennarafundur í Digranesskóla:

RÍKISVALDIÐ HEFUR SVIPT BARNAKENNARA VEIGAMIKLUM MANNRÉTTINDUM

Kennarafundur í Digranesskóla í Kópavogi 8. nóv. 1976, lýsir yfir því að lög landsins beri að virða svo lengi sem þau brjóta ekki í bága við almenn og viðurkennd mannréttindi í þjóðfélaginu.

Hins vegar ályktar fundurinn að ríkisvaldið hafi ýmist með valdboði eða ósveigjanlegri afstöðu í kjarasamningum svipt barnakennara á grunnskólastigi svo veigamiklum mannréttindum að ekki verði lengi við unað og verði stéttin að áskilja sér allan rétt til að heimta þau mannréttindi úr höndum skammsýnna yfirvalda.

Fundurinn krefst þess að allir kennarar á grunnskólastigi hafi ein og sömu launakjör og sömu vinnuskyldu og ennfremur að hið eldra kennarapróf hafi sama vægi og próf frá Kennaraháskólanum.

Fundurinn viðurkennir ekki að til séu neinar þær forsendur er réttlæti það að barnakennarar á grunnskólastigi eigi hvort tveggja í senn að búa við lægri laun og mun meira vinnuálag en kennarar í 7 til 9 bekk grunnskólans.

Fundurinn leggur að síðustu áherzlu á að hér er þó ekki einungis um kjaramál kennara að tefla heldur er hér á ferðinni miklu stærra og alvarlegra mál fyrir allt þjóðfélagið sem bezt sést á því að allt að helmingur starfandi kennara úti á landsbyggðinni skuli vera réttindalaus og án allrar kennaramenntunar með þeim afleiðingum að námsárangri barna fer þar stöðugt hrakandi.

Að lokum skorar fundurinn á stjórn S.Í.B. að láta nú ekki lengur sitja við orðinn hlut heldur hefja nú þegar virka baráttu fyrir þessum mannréttindamálum barnakennara og grunnskólanæskunnar í landinu.

FJÖLGAR Á ATVINNULEYSISSKRÁ

Þann 31. október s.l. voru 304 á atvinnuleysisskrá um land allt, en atvinnuleysisdagar voru samtals 4.492 í október. 1 kaupstöðum voru 192 á atvinnuleysisskrá í kauptúnum með 1000 íbúa voru þeir 4, en í öðrum kauptúnum 108.

Atvinnuleysingjum hefur fjölgað nokkuð síðan í lok september þá var heildartalan 4.242. Mest hefur fjölgunin orðið í liðnum önnur kauptún.

—ARH

GÖNGIN Í ODDSSKARÐI OPNUÐ NÆSTA HAUST?

Framkvæmdir við göngin í Oddsskarði hafa gengið mjög vel, að sögn Jóns Birgis Jónssonar hjá Vegagerð ríkisins, og er nú óðum að styttast í, að hægt verði að opna þau fyrir umferð.

Í vor sem leið hófst jarðvinnsla við gangamunnann Norðfjarðarmegin, en að henni lokinni, var hafizt handa við að steypa að opinu og er því nú lokið. Hefur nú verið gengið frá munnunum báðum megin að mestu leyti.

Næsta vor verður svo væntanlega unnið að því, að steypa styrkingar á nokkrum stöðum í göngunum og eins verða settar hurðir fyrir munnana beggja megin, og er þeirra hlutverk að halda hita í göngunum og fyrirbyggja um leið hrunhættu. Auk þess verður komið fyrir öryggisneti innan í göngunum í sama tilgangi.

„Við vonumst til að næg fjárveiting fáist fyrir næsta sumar, svo að hægt verði að ljúka verkinu þá og opna göngin fyrir umferð næsta haust, sagði Jón Birgir Jónsson. Við erum bjartsýnir um, að af því verði, þar sem allir hljóta að vera á einu máli um gagnsemi ganganna og þá samgöngubót, sem verður með tilkomu þeirra."

— JSS

Hitaveitu Suðurnesja hleypt á laugardag:

Gunnar Thoroddsen opnar fyrir heita vatnið til Grindavíkur



GRINDVÍKINGAR VORU FYRSTIR

Á laugardaginn varð margra ára draumur Suðurnesjamanna loks að veruleika. Hitaveitu fyrir fyrri hluta Grindavíkurbæjar var hleypt á. Það var Gunnar Thoroddsen orkumálaráðherra sem skrúfaði frá hitaveituventil við mikinn fögnuð viðstaddra fjölmennis, sem keppti við gufugný og hávaða í fagnaðarlátum sínum.

Í hófi sem haldið var í félagsheimilinu Festi í Grindavík eftir opnunarathöfnina héldu þeir Ingólfur Aðalsteinsson framkvæmdastjóri Hitaveitu Suðurnesja, Jóhann Einvarðsson stjórnarformaður, Gunnar Thoroddsen, Matthías Á. Matthíesen fjármálaráðherra og Eiríkur Alexandersson bæjarstjóri Grindavíkur ræður og lýstu þessari langþráðu hitaveitu. Kom fram í máli þeirra að sparnaður vegna þessarar hitaveitu er reiknaður um 1.660 milljónir króna á tímabilinu 1976-1981, en þá er áætlað að framkvæmdum verði að fullu lokið. Auk þessa er reiknað með sparnaði upp á einn milljarð með hitaveitusölu til Keflavíkurflugvallar.

Fyrst borað 1945

Fyrsta tilraun Grindvíkinga til að fá hitaveitu var gerð á árunum 1945—46, þegar borað var í tilraunaskyni í hlíðum Þorbjörns, en sú borun bar ekki árangur. Það var að staðurinn var ef til vill ekki sá heppilegasti og í annan stað urðu tækniörðugleikar til þess að ekki var hægt að bora nægilega djúpt.

Boranir á Svartsengi hafa hins vegar gefið mjög góða raun og taldi Jóhann Einvarðsson að hér væri um orkuauðugasta svæði landsins að ræða. Fyrsta holan var látin blása 19. desember 1973, og lýsti Eiríkur Alexandersson því svo fyrir gestum á laugardagsinn að Hitaveita Suðurnesja hefði hafizt á harðahlaupum úti í hrauni þennan dag, og hefði margur byrjað ferð sína hægar. Astæðan fyrir hlaupunum var sú, að þessi fyrsta borhola tók að ryðja úr sér möl og grjóti, en við það brast hugrekki viðstaddra stórmenna og þau hlupu sem fætur toguðu út í hraunið á flótta undan uppspýtingi borholunnar.

Auk þess gjaldeyrissparnaðar fyrir þjóðarbúið sem hitaveita þessi leiðir af sér vegna minnkandi olíukaupa, kemur svo sú hlið sem snýr beint að pyngju húseigenda. Að sögn Eriks Alexanderssonar verður verð á hitaveitunni til húseigenda um 65% af verði olíu. Þetta er nokkuð hátt hlutfall, en reiknað er með að verðið fari lækkandi eftir því sem tímar líða og hitaveitan kemst í fleiri hús.

Eignaraðild að Hitaveitu Suðurnesja eiga ríkissjóður og sveitarfelögin á Suðurnesjum Ríkissjóður á 40%, en 60% skiptast á eftirfarandi hátt:

Keflavík 31,04%, Njarðvík 8,70%, Grindavík 8,11%, Miðneshreppur 5,55%, Gerðahreppur 3,76%, Vatnsleysustrandarhreppur 2,13% og Hafnarhreppur 0,71%, en allt er óráðið um lagningu hitaveitunnar í síðasttalda hreppinn.

— hm.

Armenskir menningardagar á Íslandi

Sýning á verkum armenskra barna

Undanfarna daga hefur staðið yfir í Reykjavík og Vestmannaeyjum kynning á Armeníu. Af því tilefni kom hingað til lands þriggja manna sendinefnd sovézkra mikilmenna, er hafði hér viðdvöl í u.þ.b. vikutíma.

Sendinefnd þessa skipa, aðstoðarmenningarmálaráðherra Armeníu, Marat Harasjan, Roman Karlovitsj Ovanesjan skáld, stjórnarformaður í armenska vináttufélaginu sem beitir sér fyrir vináttu og menningartengslum við íbúa annarra landa, og ritari og starfsmaður félagsins Sovétríkin-Ísland í Moskvu, Valentin Aleksandorvitsj Gerasimof. Sendinefndin kemur í boði MÍR og kemur auk hennar hópur 17 ferðamanna, þ.á m. 8 listamenn sem haldið hafa skemmtanir hér á landi síðustu viku.

Á Kjarvalsstöðum hefur verið komið upp sýningu fimmtán flosmynda og annars vefnaðar eftir armensk börn 13—14 ára. Væntanleg er viðbót við þessa sýningu eftir u.þ.b. viku, og verða þar sýndir ýmiss konar listmunir gamlir og nýir frá Armeníu.

Stefnt er að því að hafa kynningu sem þessa árlega og munu löndin væntanlega verða tekin fyrir eitt á ári.

Á fundi með blaðamönnum í gærdag, kom fram að armenska sendinefndin hefur hitt forseta Íslands og menntamálaráðherra, auk þess sem hún hefur heimsótt Vestmannaeyjabyggð. Sagðist aðstoðarmenningarmálaráðherra Armeníu hafa mætt mikilli vinsemd og hlýhug Íslendinga.

— Við vonum að þessir menningardagar skilji eftir sig góðar minningar og þeir verði gagnlegir þeim sem áhuga hafa á menningartengslum landanna, sagði Harasjan aðstoðarráðherra.

Sýning á verkum armensku barnanna verður opin út nóvembermánuð í kaffistofu Kjarvalsstaða.

—AB



Eitt verkanna á sýningu á verkum armenskra barna, sem haldin er á Kjarvalsstöðum.



Frá vinstri: Ovanesjan, skáld, Ivar H. Jónsson, stjórnarformaður MÍR, Harasjan, aðstoðarmenntamálaráðherra Armeníu, og Gerazinon, ritari félagsins Sovétríkin-Ísland.

Bjarki Elíasson, yfirlögregluþjónn:

Ekki allt of hressir yfir ástandinu

„Íslenzka lögreglan hefur aldrei þurft að grípa til skotvopna í viðureign við afbrotamenn", sagði Bjarki Eliasson, yfirlögregluþjónn, í viðtali við Alþýðublaðið í gær.

Nú um helgina þurfti lögreglan að hafa hendur í hári tveggja byssumanna, sem brotizt höfðu inn í verzlunina Sportval. Þar stálu þeir byssum, sem þeir síðan notuðu óspart á hlaupum sínum undan lögreglunni.

Höfum ekki enn beitt skotvopnum gegn fólki

Bjarki Eliasson sagði, að í viðskiptum lögreglunnar við vopnaða menn gilti fyrst og fremst það sjónarmið að afvopna og það án þess að beita vopnum.

„Það sem við höfum af vopnum og tækjum er fyrst og fremst hugsað með það fyrir augum að verjast. Þessi tæki eru fyrst og fremst táragas, stálhjálmar, skotvesti og skotskildir. En auk þess hefur lögreglan í sínum fórum haglabyssur, skammbyssur og riffla. Þessi síðastnefndu vopn hafa hingað til ekki verið notuð gegn fólki, en ef þörf krefur getur yfirlögregluþjónn gefið fyrirskipun um að þeim sé beitt," sagði Bjarki Eliasson:

Í viðtalinu við yfirlögregluþjón kom fram, að í lögreglubílunum eru skotskildir. Táragas og önnur vopn eða tæki eru ekki í lögreglubílunum og sagðist Bjarki ekki telja ástæðu til að gera neina breytingu á því.

Þegar lögreglan væri kölluð út á stað, þar sem vopnaður maður væri fyrir, væri ávallt byrjað á því að kanna ástandið áður en táragas og annar búnaður væri fluttur á staðinn.



Bjarki Eliasson, yfirlögregluþjónn

Afbrotin hafa aukizt

Bjarki sagði að augljóst væri að afbrot hefðu aukizt hér á landi á síðustu árum. Þó taldi hann ekki að tímabært væri að gera neinar meiriháttar breytingar á starfsháttum lögreglunnar. Hann sagði að ýmislegt hefði verið gert til að bæta aðstöðu lögreglumanna og auka öryggi þeirra. Hitt hlytu menn að gera sér ljóst að lögreglustarfið væri áhættustarf, það færi ekki á milli mála.

Allmargir lögreglumenn hafa hlotið varanleg meiðsl við störf og tveir hafa tapað lífi. Bjarki sagði að lögreglumenn hefðu ákveðna áhættutryggingu og ef þeir yrðu fyrir líkamlegu tjóni eða hlytu örkuml þyrftu þeir að fara í skaðabótamál við ríkið á sama hátt og aðrir. Hinsvegar stæði embætti lögreglustjóra á bakvið þá þegar þannig stæði á.

Þá var Bjarki spurður um það hvort lögreglubílarnir, sem þeir hefðu væru viðunandi. Sagðist hann telja að svo væri. Hins vegar væri því ekki að leyna, að þessir bílar entust mun skemur en bílar við önnur störf og þyrfti því örari endurnýjun. Hann sagðist ekki telja, að ástæða væri til að fá kraftmeiri bíla fyrir lögregluna, enda væri mikil hætta sem því fylgdi, að aka með mjög miklum hraða um íbúðahverfi til þess að hafa hendur í hári afbrotamanna.

Sibrotamenn, aðalviðfangsefni lögreglunnar

Að lokum var Bjarki Eliasson spurður að því, hvernig það mætti vera, að lögreglan væri sífellt að eltast við sömu menninа, sibrotamenn, sem teknir hefðu verið hvað eftir annað og væru umhverfi sínu hættulegir.

„Nú skaltu tala við dómsmálaráðherra. Þetta er mál, sem við höfum ekkert með að gera, því eins og þú veizt þá er alger aðskilnaður á milli dómsvalds og framkvæmdavaldsins. Þar af leiðandi er það ekki í okkar verkahring að ræða um þessa hlið málsins," sagði Bjarki Eliasson, og bætti svo við: „Að sjálfsögðu erum við ekki alltof hressir yfir þessu ástandi."

—BJ

Stærsti ullarvörusamningur sem gerður hefur verið


Í síðustu viku voru undirritaðir samningar milli iðnaðardeildar Sambands íslenzkra samvinnufélaga, ríkisfyrirtækisins V/O „Raznoexport" í Moskvu og samvinnufyrirtækisins V/O „Sojuskoopvneshtorg". Hljóða samningarnir upp á sölu á íslenzkum ullarvörum á árinu 1977 að verðmæti um 840 milljónir króna, og mun þetta stærsti ullarvörusamningur sem gerður hefur verið til þessa.

Þá voru lögð fram drög að öðrum viðskiptasamningi, við sovézka samvinnufyrirtækið um sölu á ullarvörum og mokkakápum. Hljóðar sá samningur upp á 380 milljónir þannig að samanlagt eru samningarnir að verðmæti 1.220 millj. kr.

GEK

Sókn mótmælir frumvarpi um vinnulöggjöf

Á fjölmennum fundi í Starfsstúlknafélaginu Sókn 3. nóv. s.l. voru samþykkt mótmæli gegn frumvarpi um stéttarfélög og vinnudeilur, sem nú liggur fyrir alþingi. Var skorað á ríkisstjórnina að draga það til baka og semja nýtt frumvarp í samráði við verkalýðshreyfinguna. Þá var mikið rætt um lág laun verkafólks og samþykkt að skora á stjórn félagsins að boða til almenns fundar láglaunafólks og bjóða Verkamannasambandinu og öðrum láglaunafélögum þátttöku. Ráðgert er að fundurinn verði í Hreyfilshúsinu við Grensásveg, sunnudaginn 14. þ.m. kl. 2 e.h. Þá var rætt um könnun, sem nú fer fram á vegum félagsins á lífi og störfum Sóknarkvenna. Námskeið fyrir Sóknarkonur eru nú byrjuð og er áhugi félagskvenna mikill. Þá kom fram mikill áhugi á starfi Heilsuræktarinnar í Glæsibæ og er í athugun að félagskonur komist í gigtarlækningar þar. Jafnréttisráð hefur nú til meðferðar mál nokkurra Sóknarkvenna sem vinna á Kleppsspítala og Kópavogshæli fyrir lægri launum en karlar við sambærileg störf.



DAGUR FRÍMERKISINS

Í dag er Dagur frímerkisins hér á landi. Hefur hann verið haldinn síðan árið 1960. Eins og alltaf áður frá árinu 1961, hefur verið gerður sérstimpill af þessu tilefni af hálfu póst- og símamálastjórnarinnar. Geta menn fengið sérstimpilinn notaðan á allar póstsendingar sínar þennan dag. Hafa stimplar þessir oft verið mjög fallegir.

Félag frímerkjasafnara í Reykjavík hefur beitt sér fyrir þessum degi og hverju sinni látið útbúa sérstök umslög til að minnast dagsins. Eins og áður fást þau keypt í frímerkjaverzlunum borgarinnar.

Þá hafa nokkrir félagar í F.F. sett margs konar frímerkjaefni í sýningarramma, sem komið hefur verið upp í ýmsum verzlunargluggum við fjölfarnar götur og eins í nokkrum pósthúsum borgarinnar. Á þann hátt geta vegfarendur kynnt sér litilega starfsemi frímerkjasafnara og um leið, hvernig safna má frímerkjum og búa um söfn þeirra.

Að þessu sinni og í tilefni dagsins hefur stjórn F.F. tekið upp þá skemmtilegu nýbreytni að gefa félagsmönnum sínum og öðrum frímerkjasöfnurum kost á að hittast í Gyllta salnum á Hótel Borg í kvöld kl. 20.30 og rabba þar saman um frímerki yfir kaffibolla. Er það von stjórnarinnar, að félagsmenn kunni að meta þessa nýbreytni og fjölmenni á kaffikvöldið.

Fjallgöngumaðurinn enn meðvitundarlaus

Alþýðublaðinu hefur borizt fréttatilkynning frá Landssambandi Hjálparsveita skáta, þar sem greint er frá aðdraganda slyssins við Gigjökul í Þórsmörk.

24 skátar úr Reykjavík, Kópavogi og Vestmannaeyjum voru á æfingu á svokölluðum Gigjökli, sem er skriðjökull fyrir ofan jökullónið á leið til Þórsmerkur.

Fjórir Vestmannaeyingarna voru komnir all ofarlega í skriðjökulinn, sem er mjög hættulegur og erfiður yfirferðar, þegar tveimur skrikaði fótur og runnu þeir þá allir á stað. Þar sem slysið átti sér stað voru aðstæður tiltölulega góðar og ekki virtist sérlega mikil hætta á ferðum. Félagarnir fjórir voru eins og vera ber allir bundnir saman í liflínu, og runnu því allir saman með feykihraða niður allíðandi brekku og komu engum vörnum við, þrátt fyrir góðan útbúnað, mannbrodda og ísaxir. Skipti það engum togum, að þeir féllu fram af sex til átta metra háum ísvegg.

Aðrir hjálparsveitarmenn sem þarna voru nærri komu strax til hjálpar og var hlúð að hinum slösuðu þar til þyrla kom og flutti þá undir læknishendur.

Vestmannaeyingar þeir sem slösuðust eru með beztu og reynd ustu fjallgöngumönnum landsins og hafa þeir tekið þátt í mörgum erfiðum hjálparsveitarleiðöngrum svo sem klifið á Mont Black, Matterhorn og Kilimanjaró í Afríku. Þeir eru einnig einu mennirnir sem klifið hafa tindinn Þumal í Vatnajökli.

Búnaður mannanna var eins og bezt var á kosið, og höfðu þeir m.a. allir sérsmíðaða fjallgönguöryggishjálma á höfði, sem taldir eru hafa bjargað miklu.

Þrír hinna slösuðu voru lagðir inn á sjúkrahús á laugardag, eins og komið hefur fram í fréttum. Tveir fengu að fara heim á sunnudag, en síðdegis í gær var líðan þess þriðja alveg óbreytt. Mun hann ekki enn úr allri lífshættu og liggur meðvitundarlaus á gjörgæzludeild Borgarspítalans. —AB